

Ólafi Björnssyni. Niðurstaða dómsins er sú, að stefnandi geti því engan rétt á því byggt, að honum hafi verið ókunnugt um það, hverjir væru væntanlegir kaupendur. Þessi krafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndu skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans og óvæntrar ferðar af landi brott.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ása Jóhannsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Laufey Arnalds, Magnús Eiríksson, Ólafur Björnsson, Byggingarfélagið Ós h/f, Björn Gíslason, Jónína Jónsdóttir, Kjartan Jónsson, Þórey Ólafsdóttir og fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f, stefndu Ása Jóhannsdóttir, Laufey Arnalds og Magnús Eiríksson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 1. mars 1983.

Nr. 46/1982. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Herluf Benny Gruber Clausen

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ákæra. Tollagabrot. Sýknað af ákæru fyrir auðgunarbrot. Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1982, en ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní s. á.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru, en að því er varðar brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er til vara krafist sakfellingar fyrir brot gegn 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Þess er enn fremur krafist, að ákærða verði dæmd refsing og hann verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og kostnað vegna áfrýjunar málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sakarkostnaður í héraði og vegna áfrýjunar málsins verði lagður á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðra verjenda.

I.

Ákæra fyrir brot á 244. og 245. gr. almennra hegningarlaga og til vara 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

Rannsókn máls er um margt órækileg að því er varðar brot á þessum ákvæðum.

Eigi verður talið sannað samkvæmt sakargögnum, að ákærði hafi slegið eign sinni á sjónvarpstæki þau, sem um getur í ákæru, með þeim hætti, að varði við 244. eða 245. gr. almennra hegningarlaga, en verknaðarlýsing ákæru tekur ekki til brots þess, er greinir í 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga og um getur í varakröfu ríkissaksóknara hér fyrir dómi. Kemur hún eigi til álita, en framhaldsákæra samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 hefur eigi verið gefin út. Ber samkvæmt þessu að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að dæma ákærða sýknan saka af þessum þætti ákærunnar.

II.

Ákæra fyrir brot gegn tilteknum greinum laga nr. 59/1969.

Leggja verður til grundvallar dómi í málinu, að ákærða eða manni, sem hann sendi í vörugeymslu til að sækja framangreind sjónvarpstæki, hafi verið afhent þau. Eigi er þó glögg, með hverjum aðdraganda þessi afhending fór fram. Ákærða var ljóst, að tækin voru ótollafgreidd og kaupverð og farmgjald ógreitt, en hann gekk allt að einu eftir þeim og veitti þeim viðtöku og nýtti sér þau með þeim hætti, sem nánar greinir í héraðsdómi. Á þetta við um níu sjónvarpstæki, en varhugavert þykir að telja, að hinu sama

gegni um eitt þeirra tækja, er ákæran tekur til. Þykir atferli ákærða varða við 60. gr., 1. mgr., sbr. 61. gr., 1. mgr., laga nr. 59/1969, er tæmir sök, sbr. og 2. mgr. 71. gr. og 2. gr. laga nr. 71/1976.

III.

Um sakarfyrringu.

Í héraðsdómi er rakinn rannsóknarferill málsins. Dómsrannsókn sú, sem háð var 19. júní 1979, beindist gegn ákærða sem grunuðum manni um brot þau, sem ákæruskjal 30. mars 1981 vék síðar að, og var vísað til 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974 í upphafi yfirheyrslunnar. Voru dómpróf þessi réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga og stöðvuðu fyrningarfrest. Þegar það er virt, þykir sýnt, að brot ákærða séu ófyrnd.

IV.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Brot ákærða voru þrítekin, svo sem greinir í héraðsdómi, og varða allmikil verðmæti. Ákveða ber refsingu ákærða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, 2.500.00 krónur, og svo allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans 5.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, sæti 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 2.500.00 krónur, svo og kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 16. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1981: Ákærvaldið gegn Herluf Benny Gruber Clausen, sem tekið var til dóms hinn 25. nóvember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 30. mars sl., gegn ákærða, Herluf Benny Gruber Clausen verslunarmanni, Hraunbæ 144, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. maí 1949, „fyrir að hafa þann 15., 21. og 30. desember 1977, þá er ákærði var að sækja vörur í vöruskemmur Eimskipafélags Íslands h.f. við Sundahöfn í Reykjavík, sem ákærði hafði flutt inn og greitt í banka og tolli, tekið þar í heimildarleysi samtals 10 litasjónvarpstæki, sem ákærði hafði flutt inn, en hvorki greitt í banka né greitt af þeim aðflutningsgjöld eða farmgjöld, en skilið eftir í vöruskemmunni jafnmörg stykki af vöru þeirri, sem hann var að sækja í hvert sinn og hann tók af sjónvarpstækjum. Ákærði seldi síðan sjónvarpstækin og hagnýtti sér andvirði þeirra.

Telst þetta varða við 244. gr., en til vara við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollleftirlit.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þegar mál þetta sætti frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, var höfð uppi skaðabótakrafa af hálfu Eimskipafélags Íslands h/f að fjárhæð 2.941.526 gkr. auk 4% dráttarvaxta frá 1. júní 1979 til greiðsludags. Með bréfi Péturs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, dags. 26. júní sl., var fallið frá framangreindri fjárkröfu, þar sem ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, hafði þá að fullu gert upp við Eimskipafélag Íslands h/f.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Með bréfi Péturs Guðmundssonar, fulltrúa á málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmannna, f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, dags. 7. júní 1979, til rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærði kærður „vegna hvarfs á 10 litasjónvarpstækjum úr vöruskemmu félagsins að Sundaskála 1, Reykjavík.“ Í bréfi Eimskipafélags Íslands til ofangreindra lögmannna, dags. 6. febrúar 1979, er kæruefninu lýst á eftirfarandi hátt:

„Fyrirtækið: B. Gruber Imp. Exp.,
Vítastíg 3, Reykjavík.

Ofangreint fyrirtæki flutti inn nokkurt magn af litsjónvarpstækjum og ýmiss konar öðrum raftækjum frá Hamborg seinni hluta ársins 1977. Meðal annars eftirtaldar sendingar:

M/S „DETTIFOSS“ 17. nóvember 1977

B/L 59 frá Hamborg:

5 cartons T.V. Colour Sets, CT 5030, 205 kg.

Merki: B G Reykjavík 21 - 25.

M/S „MÁNAFOSS“ 8. desember 1977.

B/L 55 frá Hamborg:

5 cartons T.V. Sets Colour CT 51 white, 142,5 kg.

Merki: B G Reykjavík 16 - 20.

Við athugun verkstjóra í Sundaskála I, þar sem sendingar þessar voru geymdar, í byrjun október 1978 kom í ljós, að ekki var allt með felldu. Við nánari athugun kom síðan í ljós, að ekkert ofangreindra 10 litsjónvarpstækja reyndist vera til í vörugymslunni, en í þeirra stað var — og er enn — eftirfarandi vara:

1) 1 carton T.V. Set Colour CT 5030 nr. 4: Var á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977, B/L 54 frá Hamborg. Talið afgreitt (ásamt 5 öðrum tækjum á sama farmbréfi) 31/1 1978.

2) 2 cartons Rechteckfússe 704 C White (fætur undir sjónvarpstæki). Merki: B.G. 8371 Reykjavík, nr. 8 og 9. Var á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977, B/L 57 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „4 cartons s.t.c. 2 TV-Sets Colour Black/Silver, 2 Rechteckfússe 704 C White, 67 kg.“

Sú sending er afgreidd 21/12 1977, en kvittun er þannig: „4 cart. s.t.c. sjónvörp.“

3) 2 cartons Tape-Recorder/Stereo-Kombination SK 700 White. Merki: B.G. 8371 Reykjavík Nr. 11 og 12. Voru á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977 B/L 56 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „6 cartons s.t.c. 1 TV Set Colour CT 5162 UTG, 2 TV Sets Colour CT 5030 White, 3 Tape-Recorder/Stereo-Kombination SK 700 White, 180,7 kg. Merki: B.G. 8371 Reykjavík 10 - 15.“

Sú sending er afgreidd 30/12 1977, og er kvittuð þannig: „6 krt. TV Sets o.fl.“

4) 3 cartons Radio-Recorder TC 402. Merki: B.G. Reykjavík nr. 34, 35 og 36. Voru á framskrá með m/s DETTIFOSSI 17/11 1977, B/L 57 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „1 carton TV Colour Set CT 51 White, 1 carton TV Colour Set CT 51 Black, 1 carton Advertising Material, 3 cartons Radio Recorder TC 402, alls 115 kg. Merki: B.G. Reykjavík 31 - 36.“

Sú sending er afgreidd 15/12 1977, og er kvittun þannig: „6 ctns. T.V. Colour Sets, 115 kg.

Alls eru því til 8 karton, þar af 1 litasjónvarpstæki, upp í þau 10 karton af litasjónvarpstækjum, sem eiga að vera í vörugeymslu.“

Ákærði hefur skýrt svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi flutt inn sjónvarpstæki af gerðinni Löve Opta síðan 1977, en fá tæki hafi verið í hverri sendingu. Hann hafi sjálfur séð um að greiða gjöld af vörunum, en auk hans hafi aðrir sótt vörur hans í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands. Hann hefur kannast við að hafa fengið afhent úr vörugeymslu Eimskipafélags Íslands 10 litasjónvarpstæki án þess að hafa greitt verð þeirra til framleiðanda eða tolla af þeim. Kvaðst ákærði hafa talað við starfsmenn vörugeymslunnar og fengið þá til þess að lána sér út mismunandi gerðir sjónvarpstækja til þess að geta látið þau vera til sýnis í verslun sinni Sjónvörp og radio, en kvaðst hafa lofað að skila þeim í vörugeymsluna aftur eftir stuttan tíma, en það hafi hann þó aldrei gert. Kvaðst ákærði hafa framvísað farmskírteinum, sem hann hafði greitt tilskilin gjöld af, og samið um að fá afhent sjónvarpstæki umfram þau, sem í farmskírteinunum greindi, gegn því að skila þeim aftur, en hins vegar ekki tekið aðrar vörur en litasjónvarpstækin, enda þótt hann væri búinn að greiða gjöld af þeim.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft aðgang að sjónvarpstækjunum, þar sem þau voru geymd í vörugeymslunni. Kvað hann starfsmenn þar í öllum tilvikum hafa afhent honum sjónvarpstækin fyrir tilmæli hans, enda þótt þeim væri ljóst, að ekki höfðu verið greidd af þeim tilskilin gjöld.

Er bornir voru undir ákærða afgreiðsluseðlar, dags. 15., 21. og 30. desember 1977 og 31. janúar 1978, ásamt tilheyrandi farmskírteinum, skýrði hann frá á eftirfarandi hátt:

Afgreiðsluseðill, dags. 31. janúar 1978.

Ákærði kvað sér ekki hafa verið ljót, að ranglega hafi verið afgreitt,

þar sem sjónvarpstækið, sem hann fékk úr annarri sendingu, hafi verið eins og það, sem hann átti að fá afhent.

Afgreiðsluseðill, dags. 21. desember 1977.

Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir þessari afgreiðslu.

Afgreiðsluseðill, dags. 30. desember 1977.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir þesu tilviki, en taldi ekki víst, að afgreitt hafi verið annað en greint er á farmskírteininu, enda þótt á afgreiðsluseðilinn sé ritað „6 krt. TV sets o. fl.“

Afgreiðsluseðill, dags. 15. desember 1977.

Ákærði kvað sig minna, að hann hafi í þessu tilviki fengið lánuð sjónvarpstæki umfram þau, sem í farmskírteininu greindi, en skilið eftir aðrar vörur.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa kvittað á afgreiðsluseðil, dags. 30. desember 1977, fyrir móttöku á „6 krt. TV sets o.fl.“ og taldi bifreiðarstjóra, sem oft ók fyrir hann, hafa gert það.

Ákærði hefur kannast við að hafa selt tvö eða þrjú umræddra sjónvarpstækja og hafi andvirði þeirra átt að renna til greiðslu á fjárkröfu Eimskipafélags Íslands á hendur honum, en það hafi brugðist. Þá kannaðist hann við að hafa lánað kunningjum sínum 6 sjónvarpstækjanna, og er framburður vitnisins Jóns Þorvalds Waltherssonar, Hvassaleiti 11, Reykjavík, í samræmi við það.

Vitnið Haraldur Gunnarsson bifreiðarstjóri, Flúðaseli 91, Reykjavík, kvaðst oft hafa ekið fyrir ákærða og m. a. sótt fyrir hann vörur í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands. Kvað vitnið ákærða yfirleitt hafa verið búinn af ganga frá öllu í sambandi við afgreiðslu vörunnar, áður en það kom og sótti hana, og hafi ákærði oftast verið viðstaddur. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með, þegar varan var tekin til, og aldrei sótt aðrar vörur en ákærði hafði tiltekið og voru tilbúnar til afgreiðslu. Vitnið sagði, að vörur þær, sem ákærði flutti inn, hafi verið geymdar í læstum búrum í vörugeymslunni og hafi starfsmenn þar afhent þær, þegar þær voru sóttar. Vitnið kvaðst ekki hafa haft tækifæri til að ganga úr skugga um, hvort vörur, sem það sótti, voru í samræmi við afgreiðsluseðlana, en þó fylgst með því, að fjöldi kassanna væri réttur. Það kvaðst heldur ekki hafa haft tækifæri til að bera saman farmskírteini og afgreiðsluseðla. Vitnið kvaðst stundum hafa kvittað fyrir móttöku á vörum, einkum ef ákærði hafði skilið eftir farmbréf, en var ekki við, þegar varan var sótt. Vitnið kvaðst ekki vita, hvað var í kössunum, sem það sótti, en hafi talið, að það væru sjónvarpstæki.

Vitnið taldi sig hafa kvittað á afgreiðsluseðil, dags. 30. desember 1977, fyrir móttöku á „6 krt. TV sets o.fl.“, en ekki hafa getað athugað, hvort réttar vörur voru afgreiddar.

Ekki hefur reynst unnt að upplýsa, hvaða starfsmenn vörugeymslu Eimskipafélags Íslands afhentu ákærða eða Haraldi Gunnarssyni fyrir hans hönd umrædd 10 sjónvarpstæki.

Niðurstöður.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að ákærði hafi tekið umrædd 10 litasjónvarpstæki úr vörugeymslu Eimskipafélags Íslands h/f gegn vilja eða án vitundar starfsmanna þar. Þvert á móti bendir framburður ákærða og vitnisins Haralds Gunnarssonar til þess, að afgreiðslumenn vörugeymslunnar hafi sjálfir afhent ákærða eða umboðsmanni hans tækin. Leggja verður framburð ákærða til grundvallar um þetta atriði, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og þykja því ekki efni til að sakfella ákærða fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða gripdeild samkvæmt 245. gr. sömu laga, og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau brot.

Með játningu ákærð og öðrum gögnum málsins þykir á hinn bóginn vera sannað, að hann hafi veitt viðtöku í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands h/f sjónvarpstækjum, sem hann hafði flutt inn, en ekki greitt í banka né greitt af aðflutningsgjöld eða farmgjöld, sem hér segir:

1. Hinn 31. janúar 1978 veitt viðtöku einu sjónvarpstæki, sem ekki hafði verið greidd af tilskilin gjöld, en skilið eftir í þess stað eitt sjónvarpstæki, sem honum var heimilt að fá afhent.

2. Hinn 21. desember 1977 veitt viðtöku tveimur sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað tvo pakka af sjónvarpsfótum (Rachtekfússe).

3. Hinn 30. desember 1977 veitt viðtöku þremur sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað tvö segulbandstæki (Tape-Recorder/Stereo Kombination).

4. Hinn 15. desember 1977 veitt viðtöku fjórum sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað þrjá pakka með plötuspilurum (Radio-Recorder).

Í ákæru eru brot ákærða talin framin 15., 21. og 30. desember 1977, en svo sem að framan greinir undir lið nr. 1, fékk ákærði eitt umræddra sjónvarpstækja afhent hinn 31. janúar 1978. Þessi mistök í ákæru þykja ekki koma að sök, enda var afgreiðsluseðill, dags. 31. janúar 1978, borinn undir ákærða, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur með viðtöku framangreindra 10 sjónvarpstækja og með sölu á m. k. tveggja þeirra gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 70. gr. i. f., sbr. 1. málslíð sömu greinar, og 2., sbr. 1. mgr.

61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og toll eftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976.

Í ákæruskjali er brot ákærða heimfært undir 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, en heimilt er að heimfæra undir önnur refsíákvæði, enda hefur vörn ekki orðið áfátt af þeim sökum, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Í ákæru er ákærða ekki gefið að sök að hafa lánað sjónvarpstækin, og verður honum þá heldur ekki refsað fyrir það.

Svo sem nú hefur verið rakið, voru brot þau, sem hér er fjallað um, framin 15., 21. og 30. desember 1977 og 31. janúar 1978. Háttsemi ákærða var kærð til rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dags. 7. júní 1979, og var hann fyrst yfirheyrður um sakarefnið hinn 18. júní s. á. Hinn 19. júní 1979 var ákærði yfirheyrður fyrir dómi samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, og hinn 11. desember s. á. var málið sent til ríkissaksóknara, sem krafðist frekari rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu með bréfi, dags. 21. mars 1980. Ákærði var af því tilefni yfirheyrður þann 15. október 1980, en málið að því loknu sent ríkissaksóknara á ný með bréfi, dags. 27. október 1980. Ákæra var gefin út hinn 30. mars 1981, en dómariinn fékk málið í hendur hinn 11. maí sl., og var það þingfest 17. september sl.

Yfirheyrsla ákærða fyrir dómi hinn 19. júní 1979 fór fram samkvæmt beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins, svo sem áður segir. Var þess beiðst, að ákærði „verði yfirheyrður í dómi um sakarefnið og þá jafnframt bornar undir hann skýrslur, sem hann hefur gefið hjá RLR.“ Krafa rannsóknarlögreglu ríkisins var gerð samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 11. gr. laga nr. 107/1976, en samkvæmt þeirri grein getur rannsóknarlögreglustjóri, sem fer með frumrannsókn máls, snúið sér til dómara með beiðni um einstakar aðgerðir, sem að lögum þarf til atbeina dómara eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir. Með slíkri beiðni er dómara ekki falið forræði rannsóknarinnar, enda er gert ráð fyrir því í 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, að dómsrannsóknir fari einungis fram að kröfu ríkissaksóknara og að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðilja (sbr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976). Framangreind yfirheyrsla yfir ákærða hinn 19. júní 1979 var því samkvæmt framansögðu ekki dómsrannsókn.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga, sem var í gildi allt til 1. október sl., er henni var breytt með lögum nr. 20/1981, fyrntist sök á 2 árum þegar refsing sú, sem unnið var til, fór ekki fram úr sektum eða eins árs varðhaldi, sbr. 1. tl. 81. gr. Það er mat dómsins, að refsing fyrir brot ákærða samkvæmt 70. gr. i. f., sbr. 1. málslíð sömu greinar, og 2., sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 71/1976, hefði ekki farið fram úr

eins árs varðhaldi, og er sök því fyrnd, enda var skýrslutaka af honum fyrir dómi hinn 19. júní 1979 ekki réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sem stöðvaði fyrningarfrestinn. Yngsta brotið af þeim fjórum, sem hér er fjallað um, var framið 31. janúar 1978, og fyrntist sök ákærða vegna þess hinn 31. janúar 1980. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Dæma ber ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.200.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns 1.200.00 krónur.

Þriðjudaginn 1. mars 1983

Nr. 89/1981. **Guðbergur Davíð Davíðsson**

og **Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Guðnýju Indriðadóttur

og **gagnsök**

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Þeir gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og henni gert að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.